



Ytra mat

Leikskólinn Akur

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar
fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið.

Höfundar: Guðrún Samúelsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir
© Menntamálastofnun, 2023
ISBN 978-9979-0-2919-9

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Markmið og tilgangur	5
Gagnaöflun	5
Samantekt niðurstaðna	6
Niðurstöður matsins settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.	10
Skýringar á litakvarða.	10
Leikskólinn og umhverfi hans	11
Leikskólinn	11
Húsnæði og útileiksvæði	11
Starfsfólk	12
Hugmyndafræði og áherslur	12
Stjórnun	14
Stjórnskipulag og skipurit.	14
Námskrá og áætlanir	14
Stjórnun og starfsfólk	15
Fagleg forysta	16
Starfsandi og starfsánægja	16
Uppeldis- og menntastarf	18
Námsaðstæður	18
Starfshættir	19
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	20
Námssvið	20
Velferð og líðan barna.	22
Mat á námi og velferð barna	22
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	24
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	24
Viðhorf foreldra	25
Samstarf við grunnskóla	25
Annað samstarf	25
Skóli án aðgreiningar	27
Skólaþjónusta og sérkennsla	27
Börn með annað móðurmál en íslensku	28
Innra mat	29
Skipulag og viðfangsefni	29
Gagnaöflun og vinnubrögð	29
Opinber birting og umbætur	29
Heimildir.	31

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Akur. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Guðrúnu Samúelsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi 25.–28. september 2023. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, samstarf foreldra¹ og ytri tengsl, skólaþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi. Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 11. september á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsfólk og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsaðilar dvöldu fjóra daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við kjarnastjóra, kennara með leyfisbréf, starfsfólk, starfsfólk í sérkennslu og stuðning, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastýru aðstoðarleikskólastýru, sérkennslustýru og haft var samband við framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar og leikskólafulltrúa Reykjanesbæjar. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til. Matsaðilar fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra og framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar til yfirlestrar. Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

1 Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

Samantekt niðurstaðna

Sett fram í punktum um styrkleika og tækifæri til umbóta sem koma einnig fram í lok hvers kafla. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Styrkleikar

- Mikil ánægja er með húsnæði leikskólans meðal starfsfólks.
- Húsnæðið uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum.
- Stefna leikskólans kemur vel fram í skólanámskrá Akurs.
- Fimm úr hópi starfsfólks eru í námi í leikskólakennarafræðum.
- Tekið er mið af Menntastefnu og læsisstefnu Reykjanesbæjar.
- Búið er að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í starf leikskólans.

Tækifæri til umbóta

- Áfram skal leita leiða til að fjölga kennaramenntuðu starfsfólki svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga.
- Gera starfsaðstöðu fyrir aðstoðarleikskólastjóra.
- Gera umbætur á útileiksvæði leikskólans og fjölga leiktækjum.
- Endurbæta jarðveg og fallmöl á útileiksvæði.
- Bæta öryggi barna vegna nálægðar við umferðargötur með því að hækka grindverk og setja vegrið og hraðahindrun og skoða staðsetningu hliða.
- Finna leiðir til að mynda skjól á útileiksvæði.
- Gera einkunnarorð Akurs sýnileg í leikskólanum og kynna fyrir starfsfólki og foreldrum.
- Gera grein fyrir hvernig Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna birtist í starfi leikskólans.

Stjórnun

Styrkleikar

- Skólanámskrá Akurs er birt á heimasíðu leikskólans.
- Starfsáætlun og skóladagatal fyrir yfirstandandi skólaár er birt á heimasíðu leikskólans.
- Stjórnendateymi er starfandi við leikskólann.
- Starfsþróunarsamtöl eru árlega við allt starfsfólk og gagnleg að þeirra mati.
- Stjórnendur eru sýnilegir og veita endurgjöf.
- Undirbúningstímar falla ekki niður og þeir eru í boði fyrir allt starfsfólk.
- Ánægja er með stjórnun leikskólans.
- Skólabragur og starfsandi er góður.
- Foreldrar upplifa gott viðmót og virðingu.
- Starfsfólk deilir þekkingu.

- Stöðugleiki er í hópi starfsfólks.
- Ánægja er með upplýsingastreymi.
- Starfsfólki líður vel í vinnunni og er stolt af starfi sínu.
- Almenn ánægja ríkir um leikskólann Akur í sveitarfélaginu.

Tækifæri til umbóta

- Gera skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011, með aðkomu kennara, annars starfsfólks, foreldra og barna.
- Vinna starfsáætlun í samvinnu við kennara, annað starfsfólk, foreldra og börn.
- Gera skipurit fyrir leikskólann og gera það sýnilegt.
- Gera formlega og skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda og kynna fyrir starfsfólki.
- Kynna handbók fyrir starfsfólk og gera aðgengilega.
- Gera verkferla um viðbrögð við slysum og kynna starfsfólki.
- Gera áfallaáætlun fyrir leikskólann og skipa í áfallaráð.

Uppeldis- og menntastarf

Styrkleikar

- Hugmyndafræði Hjallastefnunnar er sýnileg í umhverfinu og öllu daglegu starfi leikskólans.
- Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námskrá aðalnámskrár.
- Leitað er leiða til að nýta allt húsnæði sem best.
- Starfsfólk er ánægt með fast skipulag starfsins og einfaldan efnivið.
- Lögð er áhersla á heilbrigði og vellíðan barna með hollri næringu og hreyfingu úti og inni.
- Starfsfólk leggur sig fram um að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun á námi og framförum barna.

Tækifæri til umbóta

- Meta hvort börnin fái nægilega samfeldan tíma til frjálsra leikja með hliðsjón af breytingum á aðalnámskrá leikskóla nr. 897/2023.
- Skoða sjálfshjálp og þátttöku barna í matmálstímum.
- Gera vinnu með málþroskaverkefnið *Lubbi finnur málbein* sýnilegt.
- Auka aðgengi barna að bókum og vinna markvisst með þær.
- Gera ritmál sýnilegra í umhverfi barnanna.
- Leggja aukna áherslu á skapandi starf og gera efnivið aðgengilegri börnum.
- Gera verkefni barnanna sýnilegri.
- Gera búnað til vísinda aðgengilegan börnum.
- Gera dagskipulag sýnilegt börnum með því að setja það í þeirra hæð.
- Auka tækifæri barna til að koma að ákvörðunartöku og vali á viðfangsefnum skipulagðra stunda.

- Gefa börnum tækifæri til að meta nám sitt og setja sér markmið og skoða möguleika á að foreldrar komi meira að mati á námi barna sinna.
- Birta í skólanámskrá vinnulag við mat á námi og framförum barna.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Styrkleikar

- Foreldrafélag er starfandi og er virkur samstarfsaðili leikskólans, styður við leikskólastarfið og skipuleggur viðburði.
- Í upphafi leikskólagöngu fá foreldrar kynningu á starfi leikskólans og upplýsingabækling um leikskólann og er hann einnig á heimasíðu.
- Mikið er lagt upp úr góðu samstarfi við foreldra og leitast er við að koma til móts við óskir foreldra.
- Foreldrum gefst tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna.
- Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári.
- Starfsfólk leggur sig fram um að koma upplýsingum til foreldra með reglubundnum og fjölbreyttum hætti.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er mjög gott og segjast þeir öryggir með börnin í leikskólanum og telja að þeim líði vel.

Tækifæri til umbóta

- Áfram skal leita leiða til að virkja foreldra til þátttöku í foreldraráði og kjósa með lýðræðislegum hætti.
- Samkvæmt lögum um leikskóla skal foreldraráð setja sér starfsreglur, kynna foreldraráð og birta upplýsingar á heimasíðu leikskólans. Foreldraráð skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir foreldrum.
- Fundir foreldraráðs skulu boðaðir með dagskrá og fundargerðir gerðar aðgengilegar svo sem á heimasíðu leikskólans.
- Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði og hann situr fundi þess.
- Koma til móts við foreldra varðandi upplýsingar þegar breytingar verða á starfsmannahaldi.
- Í skólanámskrá og á heimasíðu eiga að vera upplýsingar um hvaða gögn fylgi börnum á milli skólastiga.

Skóli án aðgreiningar

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri starfar við leikskólann, ber ábyrgð á sérkennslu, sér um frumgreiningu, leiðbeinir og fræðir starfsfólk.
- Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun.
- Myndað er teymi um börn með sérþarfir og einstaklingsnámskrár gerðar í samráði við foreldra, sérfræðinga og stuðningaðila viðkomandi barns.
- Unnið er eftir ákveðnu ferli ef upp vaknar grunur um þroskafrávik barns.
- Lögð er áhersla á að stuðningur fari fram í barnahópnum.
- Starfsfólk fær tækifæri til að auka þekkingu sína á þroskafrávikum barna.
- Til er móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.

- Vel er unnið með erlenda foreldra og fjölmenningu í leikskólanum.
- Öll börn eiga sýnilega hlutdeild í leikskólastarfinu.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að gera skipulag sérkennslu skriflegt og einnig þá verkferla sem unnið er eftir ef vaknar grunur um þroskafrávik hjá barni.

Innra mat

Styrkleikar

- Val barna er skráð og markvisst er fylgst með hópastarfi.
- Reglulega kemur matsaðili frá Hjallastefnunni og metur framkvæmd stefnunnar.
- Viðhorfskannanir meðal starfsfólks og foreldra eru gerðar reglulega og nýttar í innra mat.

Tækifæri til umbóta

- Fjalla í skólanámskrá um markmið leikskólans og hvernig þau eru metin og skilgreina viðmið um árangur sem stefnt er að.
- Allir hagsmunahópar komi að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats t.d. með stofnun matsteymis, sem í sitja stjórnendur, starfsfólk og foreldrar, eða með aðkomu foreldraráðs.
- Gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera nákvæma matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvert markmiðið eigi að vera og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla.
- Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrast í mati á leikskólastarfinu.
- Skrá niðurstöður samræðumats.
- Birta greinargerð um innra mat á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til úrbóta.
- Gera umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða eigi að grípa og hvenær, hvernig endurmatið eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda því í framkvæmd.

Niðurstöður matsins settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Skýringar á litakvarða

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6–4	Grænt	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
2, 6–3,5	Ljósgrænt	Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
1,6–2,5	Gult	Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
1,0–1,5	Rautt	Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Akur er sex kjarna leikskóli við Tjarnabraut 1. í Innri-Njarðvík Reykjanesbæ. Leikskólinn er staðsettur í miðju íbúðarhverfi en fjara og mólendi eru í göngufæri. Fjaran við Narfakotsseylu er útikennslusvæði barna og íbúa í Reykjanesbæ. Svæðið hefur verið þróunarverkefni þeirra þriggja leik- og grunnskóla sem staðsettir eru í Innri-Njarðvík. Rekstraraðili leikskólans Akurs er Hjallastefnan ehf. samkvæmt þjónustusamningi við Reykjanesbæ og hefur svo verið frá árinu 2007 er leikskólinn var opnaður. Í Akri eru 143 börn á aldrinum 18 mánaða til sex ára. 73 stúlkur og 70 drengir. Sérkennsla er veitt þeim börnum sem þurfa og hluti barna er með annað móðurmál en íslensku. Á Appelsínugula kjarna eru fimm stúlkur fæddar 2020, 17 stúlkur fæddar 2021 og tvær stúlkur fæddar 2022. Á Græna kjarna eru 13 stúlkur fæddar 2019 og 11 stúlkur fæddar 2020. Á Bláa kjarna eru 13 stúlkur fæddar 2018, sjö stúlkur fæddar 2019 og sex stúlkur fæddar 2020. Á Rauða kjarna eru sjö drengir fæddir 2018, 11 drengir fæddir 2019 og sex drengir fæddir 2020. Á Gula kjarna eru níu drengir fæddir 2018, sex drengir fæddir 2019 og níu drengir fæddir 2020. Á Fjólubláa kjarna eru níu drengir fæddir 2020 og 14 drengir fæddir 2021. Matur er eldaður frá grunni í eldhúsi leikskólans. Opnunartími leikskólans er frá kl. 7:45–16:15.

Húsnæði og útileiksvæði

Húsnæði Akurs er á einni hæð. Húsinu er skipt upp í þrjár einingar, drengjaeiningu, miðhús og stúlknaeiningu. Í drengja- og stúlknaeiningum eru þrír kjarnar sem allir samanstanda af tveimur leikstofum og hreinlætisaðstöðu. Í báðum endum hússins er sameiginlegur fataklefi fyrir þá þrjá kjarna sem staðsettir eru þar og er þar inngangur fyrir foreldra og börn frá útileiksvæði. Í báðum fataklefum eru tvö salerni, annað fyrir starfsfólk og hitt fyrir börn í útiveru. Í hvorri einingu er einnig sameiginlegt herbergi sem er fjölnota. Miðhús er á milli stúlkna og drengjakjarna og er þar inngangur fyrir starfsfólk, kaffistofa og vinnurými starfsfólks, skrifstofa leikskólans, eldhús og þvottahús, skrifstofa sérkennslustjóra, tvískiptur salur og fjölnota leikrými báðum megin við salinn og geymsla. Á vettvangi sáu matsmenn að húsið er rúmgott, vel um gengið, snyrtilegt og fallett. Í öllum rýnihópum kom fram almenn ánægja með húsnæði leikskólans en hjá stjórnendum kom fram að starfsaðstöðu vanti fyrir aðstoðarleikskólastjóra.

Húsnæðið uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum.

Afgirt útileiksvæði leikskólans er óvenju stórt en flatt og skjóllítið. Það teygir sig út frá báðum endum skólans og bak við húsið að umferðargötum. En umferðargötur eru beggja megin við leikskólann. Í öðrum enda útileiksvæðisins er afgirtur skógarlundur, þar sem til stendur að koma fyrir útiöldstæði. En trén hafa ekki náð að vaxa upp úr grasinu og því ekki farin að mynda skjól. Í hinum enda útileiksvæðisins er afgirt leiksvæði ætlað yngstu börnum leikskólans. Þar er sandkassi, rennibraut og trjádrumbar. Þar er uppistaða fyrir rólu en að sögn starfsfólks var hún tekin niður vegna slyshættu í vindi. Í aðalhluta útileiksvæðisins er nýlegur kastali, sandkassi, jafnvægishringur, trjádrumbar og dekk. Malbikaður stígur hringar sig um útisvæðið og náttúrulegar steinhellur mynda litlar tjarnir sem nýttar eru í vatnsleiki, eins myndar hellulögn litlar tjarnir. Afgirt svæði er á útileiksvæðinu til ræktunar. Steinhleðslur mynda nokkur ræktunarbeð sem ekki eru komin í notkun. Þar er einnig trékassi til moltugerðar. Hænsnakofi er á útisvæðinu og voru þar nokkrar hænur þar til fyrir stuttu að minkur komst í kofann. Beðið er eftir nýjum hænum. Ágætis útigeymsla er á miðju útisvæði og er þar til fjölbreytt úrval útileikfanga. Bílastæði leikskólans liggja meðfram umferðargötu við skólann. Í rýniviðtölum við stjórnendur, kennara og annað starfsfólk kom fram að sveitarfélagið hafi ekki virt samning um að skila fullbúinni lóð. Grindverk eru of lág til öryggis fyrir börnin og mynda ekki skjól. Finna þurfi leiðir til að mynda skjól á útileiksvæðinu. Það þurfi að skoða og bæta fallmöl og jarðveg til dæmis sé mikil pollamyndun á leiksvæði yngstu barna. Foreldrar sögðust í rýniviðtali hafa áhyggjur af öryggi barnanna á útileiksvæðinu þar sem gatan sem liggur að leiksvæðinu sé þröng og bugðótt. Það vanti bæði vegrið og hraðahindranir. Einnig eru hliðin inn á útileiksvæðið staðsett á blindum punktum og erfitt að hafa yfirsýn. Þá sögðu þeir að gera þurfi umbætur á útileiksvæði og fjölga bílastæðum.

Starfsfólk

Starfsfólk leikskólans er 43 í 42 stöðugildum. Níu stjórnendur starfa við leikskólann Akur. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og sex kjarnastjórar. Leikskólastjóri er með B.A. menntun og leyfisbréf þroskajálfa sem og M.ed. og leyfisbréf leikskólakennara. Aðstoðarleikskólastjóri er með leyfisbréf leikskólakennara og viðbótar diplómu B.A. í jákvæðri sálfræði. Sérkennslustjóri er með þroskajálfamenntun og viðbótar diplómu, hefur einnig sótt nám í farsæld barna. Kennarar með deildarstjórn eru tveir og er annar með M.ed. og hinn með B.A. ásamt viðbótar diplómu. Þrír kennarar eru án deildarstjórnar og eru tveir með M.ed. og einn með B.A. ásamt viðbótar diplómu. Auk sérkennslustjóra starfar þroskajálfi með leyfisbréf við sérkennslu. Fimm einstaklingar sem lokið hafa leikskólaliðanámi af framhaldsskólastigi starfa við leikskólann. Fjórir leikskólaleiðbeinendur A starfa við leikskólann, einn er með B.A., tveir eru með B.ed. og einn með M.S. Leiðbeinendur án háskólamenntunar eru 17 af þeim eru 10 með grunnskólapróf og sjö með stúdentspróf. Tveir starfa utan deilda og er annar með grunnskólapróf og hinn með stúdentspróf. Ræsting fer fram á meðan leikskólinn er opinn af starfsmanni Akurs. Tveir starfa í eldhúsi leikskólans og eru báðir með grunnskólapróf. Deildarstjórar án leyfisbréfs kennara eru fjórir, tveir eru leikskólaliðar og tveir eru með B.ed. Samkvæmt starfsáætlun leikskólans eru fimm úr hópi starfsfólks í námi í leikskólakennarafræðum.

Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla um að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda kennara.

Hugmyndafræði og áherslur

Að sögn leikskólastjóra og í skólanámskrá kemur fram að í leikskólanum Akri er unnið eftir hugmyndafræði og kynjanámskrá Hjallastefnunnar þar sem jafnrétti, lýðræði og virðing eru lykilatriði. Í Akri er einnig starfað á grundvelli Aðalnámskrár 2011 og tekið mið af menntastefnu Reykjanesbæjar 2021–2030 og læsisstefnu Reykjanesbæjar. Á síðasta starfsári fór allt starfsfólk á Akri í gegnum innleiðingarnámskeið barnvæns samfélags í samstarfi við Reykjanesbæ sem endaði á starfsdegi þar sem unnið var að því að tengja Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna við starfið í leikskólanum. Skólaföt fyrir börn og starfsfólk hefur verið hluti af Hjallastefnustarfi í mörg ár og er einnig svo í Akri. Samkvæmt skólanámskrá er fatnaður merkingarbær og því telur Hjallastefnan skólafatnað mikilvægan þátt í starfinu. Samkeppni og metingur milli barna minnkar stórlega og boðið er upp á fatnað sem er fallegur, þægilegur og börnin geta verið sem mest sjálfbjarga. Samkvæmt Starfsáætlun 2023–2024 hefur verið þróuð læsis- og stærðfræðiáætlun leikskólans út frá kynjanámskrá Hjallastefnunnar og orðaforðalista Menntamálastofnunar. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Leikskólinn hefur sett sér ein-kunnarorðin Gleði, kærleikur, agi. Á vettvangi voru einkunnarorðin ekki sýnileg í umhverfinu en þau eru nefnd í starfsáætlun leikskólans. Stjórnendur þekktu þau og gátu nefnt en í rýnihópi kennara og annars starfsfólks var ekki þekking.

Styrkleikar

- Mikil ánægja er með húsnæði leikskólans meðal starfsfólks.
- Húsnæðið uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum.
- Stefna leikskólans kemur vel fram í skólanámskrá Akurs.
- Fimm úr hópi starfsfólks eru í námi í leikskólakennarafræðum.
- Tekið er mið af Menntastefnu og læsisstefnu Reykjanesbæjar.
- Búið er að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í starf leikskólans.

Tækifæri til umbóta

- Áfram skal leita leiða til að fjölga kennaramenntuðu starfsfólki svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga.
- Gera starfsaðstöðu fyrir aðstoðarleikskólastjóra.
- Gera umbætur á útileiksvæði leikskólans og fjölga leiktækjum.
- Endurbæta jarðveg og fallmöl á útileiksvæði.
- Bæta öryggi barna vegna nálægðar við umferðargötur með því að hækka grindverk o g setja vegrið og hraðahindrun og skoða staðsetningu hliða.
- Finna leiðir til að mynda skjól á útileiksvæði.
- Gera einkunnarorð Akurs sýnileg í leikskólanum og kynna fyrir starfsfólki og foreldrum.
- Gera grein fyrir hvernig Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna birtist í starfi leikskólans.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans Akurs er Hjallastefnan ehf. samkvæmt þjónustusamningi við Reykjanesbæ frá árinu 2007. Á vegum sveitarfélagsins starfar menntaráð sem fer með málefni leik-, grunn- og tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Í menntaráði sitja fimm fulltrúar kosnir af sveitarstjórn. Sveitarfélagið hefur sett sér menntastefnu sem gildir til 2030 og kom leikskólinn Akur að þeirri stefnumótun. Næsti yfirmaður leikskólastjóra er framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar og segist leikskólastjóri fara árlega í starfsþróunarsamtal til hans. Þá segist leikskólastjóri sitja reglulega fundi með öðrum leikskólastjórum Hjallastefnunnar. Ráðgjöf er sótt til leikskólafulltrúa- og skólaþjónustu Reykjanesbæjar og hefur leikskólinn auk þess gert þjónustusamning við sálfræðing og talmeinafræðing. Að sögn leikskólafulltrúa Reykjanesbæjar hefur sveitarfélagið eftirlit með Akri sem skilar inn starfsáætlun á hverju hausti. Leikskólafulltrúi fylgir eftir starfsáætlun með viðtölum og heimsókn í leikskólann. Leikskólastjórar leikskóla með þjónustusamning við Reykjanesbæ eru ekki boðaðir á hefðbundna leikskólastjórafundum nema þegar sameiginleg mál eru á dagskrá en samtöl milli leikskólastjóra og leikskólafulltrúa eru allt árið um kring. Í símaviðtali við framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar kom fram að Akur sé stór skóli með miklar áskoranir sem leikskólastjóri standi sig vel í að takast á við. Mikill stöðugleiki sé í starfsmannahaldi og fylgi leikskólastjóri vel eftir nýliðafræðslu sem og fræðslu til alls starfsfólks. Leikskólastjóri er duglegur að leita eftir aðstoð ef álag er mikið og er opinn fyrir nýjungum. Leikskólinn hefur á sér gott orðspor að sögn framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá Akurs var gerð árið 2020 að frumkvæði leikskólastjóra og er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Leikskólastjóri segir að stjórnendateymi leikskólans hafi komið að gerð hennar. Í rýnivíðtölum við kennara, annað starfsfólk og foreldra, kannaðist fólk ekki við að hafa komið að vinnu við hana. Skólanámskráin uppfyllir að nokkru leyti kröfur sem gerðar eru um skólanámskrá í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. En ekki er gerð grein fyrir markmiðum, fyrirkomulagi og uppbyggingu samstarfs og tengsla milli skólastiga sem og hvernig staðið er að færslu og aðlögun barna á milli skólastiga og hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst á milli leikskóla eða í grunnskóla. Þá vantar umfjöllun um vinnulag og aðferðir við að meta þroska barna, nám, vellíðan og færni. Einnig skal í skólanámskrá birta upplýsingar um innra mat á árangri og gæðum leikskólastarfs og þau viðmið sem notuð eru til að meta út frá í innra mati. Auk þess ætti að gera Barnasáttmálann sýnilegan í skólanámskrá og gera grein fyrir skipulagi sérfræðiþjónustu. Starfsáætlun 2023-2024 er aðgengileg á heimasíðu leikskólans og fram kemur að henni sé skilað til Hjallastefnunnar ehf. og Reykjanesbæjar. Þar er fjallað meðal annars um starfsmannamál, faglegar áherslur, mat og umbætur og samstarf við fjölskyldur. Skóladagatal fyrir leikskólaárið 2023-2024 er einnig aðgengilegt á heimasíðu. Aðstoðarleikskólastjóri sér um gerð starfsáætlunar en annað starfsfólk og foreldrar sögðust í rýnivíðtölum ekki koma að gerð hennar. Að sögn leikskólastjóra er einnig gerð ársskýrsla þar sem fjallað er um verkefni leikskólans undanfarið ár. Ársskýrslan er send til Reykjanesbæjar með starfsáætlun og skóladagatali en er ekki birt á heimasíðu Akurs. Hjallastefnan hefur gert starfsfólkshandbók sem Akur hefur nýtt sér. Handbók fyrir starfsfólk Akurs er nýkomin úr vinnslu en ekki er búið að birta hana né kynna fyrir starfsfólki. Að sögn leikskólastjóra eru verkferlar um hvernig bregðast skuli við slysum á börnum kunnar stjórnendum en þeir eru ekki skriflegir. Eyðublöð til slysaskráninga eru á öllum kjörnum. Áfallateymi er ekki starfandi og notast er við áfallaáætlun sem eftir á að heimafera á Akur. Öryggis- og rýmingaráætlun Akurs er til staðar og sýnileg í leikskólanum. Aðrar áætlanir sem leikskólinn hefur gert og birtast á heimasíðu hans eru: læsis- og stærðfræðiáætlun, símenntunaráætlun 2023-2024, vinnuverndarstarf á Akri skólaárið 2023-2024, móttökuáætlun fjöltyngdra barna og fjölskyldna, jafnréttisáætlun og viðbragðsáætlun vegna óveðurs.

Stjórnun og starfsfólk

Leikskólastjóri hefur starfað í Akri síðan 2018 og aðstoðarleikskólastjóri síðan 2016. Stjórnendur hafa ekki gert með sér skriflega verkaskiptingu en að sögn leikskólastjóra telja þeir sig meðstjórnendur sem eru stöðugt að slípa til verkaskiptingu sín á milli en skrifleg verkaskipting eða skipurit er ekki sýnilegt starfsfólki. Aðstoðarleikskólastjóri segist halda utan um ákveðin verkefni. Að sögn leikskólastjóra eru fjarvistir starfsfólks tilkynntar í síma leikskólans og sá sem svarar tekur skilaboðin. Sá sem er forfallaður upplýsir sitt starfsfólk á Workplace síðu leikskólans og kjarnastjóri skipuleggur afleysingu. Workplace, rafræn síða, er mikið nýtt til upplýsinga og samskipta meðal starfsfólks. Að sögn leikskólastjóra eru Workplace síður leikskólans tvær. Akur tilkynningasíða þar sem leikskólastjóri setur inn upplýsingar og önnur þar sem starfsfólk getur sett inn upplýsingar.

Stjórnendateymi er starfandi við leikskólann sem í sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og kjarnastjórar. Stjórnendateymisfundir eru haldnir á mánudögum, klukkutíma í senn. Að sögn stjórnenda fer þar fram umræða og ákvarðanataka um málefni leikskólans svo sem mönnun og skipulag. Lögð eru fram erindi til umræðu og stjórnendur samstillast sig. Kjarnastjórar rita fundargerðir í þar til gerða bók sem liggur frammi á hverjum kjarna.

Í rýnivíðtölum við stjórnendur, kennara og annað starfsfólk kom fram að leikskólastjóri í samstarfi við kjarnastjóra leiði starfið í leikskólanum, kjarnastjóri leiði starfið í sínum kjarna en hver hópstjóri skipuleggur verkefnið í sínum hópi. Hjallastefnunni er fylgt en hlustað er á allt starfsfólk og það fær að hafa rödd. Lotufundir eru að meðaltali á fimm vikna fresti eða átta sinnum á ári eftir vinnu og eru ætlaðir öllu starfsfólki leikskólans. Dagskrá er send út fyrir fundinn og fundargerðir ritaðar. Á lotufundum er verið að fjalla um stefnu og málefni leikskólans. Í lok lotufundar eru kjarnafundir þar sem starfsfólk hvers kjarna fundar um málefni viðkomandi kjarna. Að sögn stjórnenda geta kjarnafundir verið oft og utan þessa tíma í samráði við leikskólastjóra. Stjórnendur segja skipulagsdaga vera sex á ári og eru þeir skipulagðir með fyrirvara, birtir á skóladagatali leikskólans, dagskrá er send út og fundargerðir ritaðar og birtar á Workplace.

Við ráðningu nýs starfsfólks er fylgt lögum nr.87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að óska eftir upplýsingum úr sakaskrá. Persónuupplýsingar eru geymdar í læstum skáp á skrifstofu leikskólans. Samkvæmt móttökuáætlun Hjallastefnunnar tekur leikskólastjóri oftast á móti nýju starfsfólki og sér um handleiðslu á því, sé því ekki viðkomið felur hann öðrum það. Að sögn framkvæmdarstjóra Hjallastefnunnar er farið að bjóða upp á fræðsluefni sem deilt er í gegn um samskiptasíðu starfsfólks í formi vendikennslufyrirlestra og jafnframt boðið upp á umræðutíma. Leikskólastjóri hefur tekið allt starfsfólk í starfsþróunarsamtal einu sinni á ári en í vor var gerð tilraun með að kjarnastjórar tækju þessi samtöl við starfsfólk á viðkomandi kjarna og skráðu niðurstöður þeirra. Starfsfólk sem sinnir sérkennslu fær samtöl við sérkennslustjóra. Leikskólastjóri fær kjarnastjóra og sérkennslustjóra til sín í starfsþróunarsamtöl. Í rýnihópi sagðist starfsfólk vera ánægt með þá breytingu, samtölin verði öðruvísi þar sem kjarnastjóri þekki viðkomandi betur.

Á heimasíðu Akurs er birt símenntunaráætlun starfsfólks fyrir árið 2023 til áramóta 2024. Leikskólastjóri segist halda skrá yfir símenntun starfsfólks og telur símenntunaráætlunina eiga að vera lifandi plagg þar sem tekið er tillit til óska starfsfólks. Margt starfsfólk er í námi með vinnu svo sem kennarnámi og segir leikskólastjóri menningu í leikskólanum um faglega skerpingu. Í rýnivíðtölum við kennara og annað starfsfólk kom fram að stjórnendur hvetji fólk til að sækja sér símenntun og auðvelt sé að fá að fara á námskeið. Kennarar og annað starfsfólk segist í viðtölum fá samningsbundinn undirbúnings tíma og þeir falli ekki niður. Kjarnastjórar skipuleggja undirbúningstíma á sínum kjarna og misjafnt er hvernig útfærslan er. Undirbúningstímar séu færðir til ef mannekla er, gangi það ekki er greidd yfirvinna. Allt starfsfólk fær einhvern undirbúningstíma. Að sögn leikskólastjóra eru verklagsreglur um hvernig tekið er á ágreiningsmálum í starfsfólkshópnum til staðar og segir leikskólastjóri að fyrst komi kjarnastjóri að málum en leikskólastjóri grípi boltann ef eitthvað gangi ekki upp.

Fagleg forysta

Í viðtali segist leikskólastjóri vera virkur í samskiptum við starfsfólkið og líti svo á að hann sé í þessu hlutverki til að aðstoða það. Hann segist hafa faglegan metnað fyrir gæðum í barnastarfi og leggja áherslu á faglegheit gagnvart börnum og að hverju barni sé mætt. Hann segist leggja áherslu á heiðarleika í samskiptum og reynir að aðstoða kjarnana til að starfið gangi sem best. Hann fer mikið inn á kjarna til að greina, leiðbeina og aðstoða. Leikskólastjóri segir að sér líði vel í starfi og hæfni sín nýtist vel, hann fái hrós frá sveitarfélaginu, Hjallastefnunni, foreldrum og börnum. Aðstoðarleikskólastjóri segir í viðtali að hann telji sig vera stöðugan og jákvæðan stjórnanda sem geti gengið í öll störf. Hann segist vera nákvæmismanneskja sem ígrundar hlutina, vilji vandvirkni, sé þolinmóður og góður í að hlusta. Samskipti við starfsfólk eru góð, það ríkir traust og starfsfólk leitar til hans. Hann segist fara mikið inn á kjarna, oft í afleysingar en stundum bara til að setjast niður með börnunum og veitir þá endurgjöf. Aðstoðarleikskólastjóri segir að sér líði ágætlega í starfi en sé stundum þreyttur á löngum vinnudögum. Hann telur hæfni sína nýtast vel í starfi og hann fái hrós frá leikskólasamfélaginu en starfið mætti vera metið meira að verðleikum eins og með því að gera vinnaðstöðu fyrir þessa stöðu. Foreldrar í rýnihópi sögðust eiga mjög góð samskipti við báða stjórnendur og aðgengi að þeim sé gott. Mikill samhljómur kom fram í rýnihópum kjarnastjóra, kennara og annars starfsfólks. Þar kom fram að stjórnendur fylgjast vel með, koma mikið inn á kjarna til að taka þátt í starfinu, aðstoða, þjálfar starfsfólk og veita endurgjöf. Þeir eru aðgengilegir, faglegir, hlusta, hvetja og gott er að leita til þeirra beggja. Í rýnihópi sögðust börnin þekkja leikskólastjórnann og gátu nefnt hann á nafn en þau gátu ekki sagt hvað hann gerði. Í tölvupósti frá leikskólafulltrúa Reykjanesbæjar segir að leikskólastjóri Akurs sé öflugur stjórnandi sem stýrir leikskólanum styrkri hendi.

Starfsandi og starfsánægja

Í öllum rýnihópum og viðtölum kom fram að skólabragur og starfsandi sé mjög góður. Stjórnendur segja að starfsfólk sé metnaðarfullt, fagvitund og metnaður aukist eftir því sem bætt er meira í starfið. Metnaður felst einnig í því hve margir í hópi starfsfólks eru að mennta sig í það. Stjórnendur segjast hvetja til þess að starfsfólk miðli þekkingu og sé duglegt að deila þekkingu sinni til dæmis á fundum. Stöðugleiki er í hópnum og lítil starfsmannaveita. Kjarnastjórar sögðu í rýnihópi að hópur starfsfólks sé samhentur og lausnamiðaður og fólk sé slungið að takast á við hindranir. Vel sé tekið á móti nýju fólki og auðvelt að komast inn í hópinn. Í rýnihópum kennara og annars starfsfólks kom fram að markvisst sé unnið með starfsandann, stjórnendur hlusti á starfsfólkið, hvetji og leggi upp með góð og lýðræðisleg samskipti. Menningin á leikskólanum sé að ekki er baktal í boði. Upplýsingaflæði er gott og metnaður í að börnunum líði sem best. Stjórnendur veita endurgjöf og starfsfólk minnir hvert annað á og ræðir saman. Starfsfólk talar um vellíðan í vinnunni og segist vera stolt af starfi sínu. Markvisst er unnið að því að styrkja starfsandann, starfsfólk er duglegt að hittast eftir vinnu og félag starfsfólks og skemmtinefnd eru starfandi til að halda utan um viðburði og námsferðir. Foreldrar sögðust í rýnihópi upplifa mikla gleði í hópi starfsfólks. Viðmót þess og menning er góð og mikil virðing ríkir. Samstarfsvilji og mannauður er sterkur þáttur að mati foreldra. Niðurstöður í starfsmannakönnun á vegum skólapúlssins 2023 eru samhljóma því sem fram kemur í rýniviðtölum. Í tölvupósti frá leikskólafulltrúa Reykjanesbæjar kom fram að fáar kvartanir hafi borist frá foreldrum og almenn ánægja ríki um leikskólann Akur í sveitarfélaginu.

Styrkleikar

- Skólanámskrá Akurs er birt á heimasíðu leikskólans.
- Starfsáætlun og skóladagatal fyrir yfirstandandi skólaár er birt á heimasíðu leikskólans.
- Stjórnendateymi er starfandi við leikskólann.
- Starfsþróunarsamtöl eru árlega við allt starfsfólk og gagnleg að þeirra mati.
- Stjórnendur eru sýnilegir og veita endurgjöf.

- Undirbúningstímar falla ekki niður og allt starfsfólk fær undirbúningstíma.
- Ánægja er með stjórnun leikskólans.
- Skólabragur og starfsandi er góður.
- Foreldrar upplifa gott viðmót og virðingu.
- Starfsfólk deilir þekkingu.
- Stöðugleiki er í hópi starfsfólks.
- Ánægja er með upplýsingastreymi.
- Starfsfólki líður vel í vinnunni og er stolt af starfi sínu.
- Almenn ánægja ríkir um leikskólann Akur í sveitafélaginu.

Tækifæri til umbóta

- Gera skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011, með aðkomu kennara, annars starfsfólks, foreldra og barna.
- Vinna starfsáætlun í samvinnu við kennara, annað starfsfólk, foreldra og börn.
- Gera skipurit fyrir leikskólann og gera það sýnilegt.
- Gera formlega og skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda og kynna fyrir starfsfólki.
- Kynna handbók fyrir starfsfólk og gera aðgengilega.
- Gera verkferla um viðbrögð við slysum og kynna starfsfólki.
- Gera áfallaáætlun fyrir leikskólann og skipa í áfallaráð

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Eins og áður hefur komið fram er námsumhverfi leikskólans skipulagt út frá hugmyndafræði Hjalla-stefnunnar. Húsnæðið er rúmlegt og býður upp á fjölbreytta möguleika til náms og leikja. Allir kjarnar eru eins, heimastofa, innri stofa og hreinlætisaðstaða. Kjarnarnir eru allir eins skipulagðir með skúffu-skápum og kubbaskápum sem afmarka svæði, borðum, stólum og teppamottu í kubbakrók. Innri stofan kallast leikstofa en þar er einnig gert ráð fyrir hvíldaraðstöðu. Á gólfinu er teppi með sól í miðjunni og númeruðum reitum allan hringinn, hvert barn á sitt pláss þar sem það situr í samveru. Einnig eru þar dýnur og svampkubbar. Á öllum kjörnum er gert ráð fyrir hreyfi- og gólfleikjum. Rúmgóður salur er í miðju húsi og er honum skipt í tvennt með rennihurð. Í rýnihópum kom fram að salurinn er stækkaður á föstudögum þegar söngfundur er. Fjölnota rými eru við bæði stúlkna- og drengjakjarna sem ætlað er til listsköpunar. Þarna eru einingakubbar drengja megin en holukubbar stúlkna megin. Auk þess borðar þarna einn hópur barna úr hvorum kjarna. Bæði drengja og stúlkna megin eru stofur sem hægt er að nota til að taka börn út úr hópnum til að minnka áreiti. Í annarri stofunni er efniviður til vísinda og í hinni eru geymd hljóðfæri.

Dagskipulag skiptist á milli hópastarfs og vals sem er fjórum sinnum á dag. Valfundur þar sem börnin velja sér svæði eru þrisvar sinnum á dag. Aðalvaltímar eru tvisvar á dag, eftir morgunmat og að loknum hópatíma eftir hádegi. Þá velja börnin svæði með myndum af verkefnum valsvæðisins og er þetta eins á öllum kjörnum. Valið er á milli leikstofu þar sem eru svampkubbar og dýnur, heimastofu sem skiptist í kubbvasvæði, leir, föndur, sull og útisvæði. Á morgnana þegar börnin eru að mæta í leikskólann er val um leikstofu og heimastofu og er það misjafn eftir kjörnum hvort starfsfólk er búið að ákveða hvað er í boði eða hvort það er gert í samvinnu við þau börn sem koma fyrst. Í lok dags er dagskrá eftir áhugasviði barnanna og tekur mið af þörfum þeirra hverju sinni. Á þessum tíma geta verið fleiri börn á hverju svæði en á aðalvaltímum. Reynt er að gæta jafnvægis milli inni- og útiveru. Gert er ráð fyrir að á valtíma fari um það bil helmingur barnanna út til að minnka álag á innisvæði. Þess er gætt að öll börn fari út að minnsta kosti einu sinni á dag. Samvera er fjórum sinnum á dag í tengslum við matartíma og valfundi. Hópastarf er tvisvar sinnum á dag. Á föstudögum er sameiginlegur söngfundur drengja og stúlkna í sal og er börnunum aldurskipt í þrjá hópa.

Leikföng og annar efniviður er ekki sýnilegur á kjörnum og er það í samræmi við stefnu leikskólans um að minnka áreiti í umhverfinu. Efniviður er eins á öllum kjörnum og er geymdur inni í skápum eða í hillum á hreinlætisaðstöðu kjarnans en börnin hafa ekki frjálst aðgengi að honum. Á vettvangi sáu mataðilar ekki hvar efniviður var geymdur fyrr en þeim var bent á það. Í öllum rýnihópum sagði starfsfólk að til væri fjölbreytt ítarefni sem notað er í vali til að glæða áhuga barnanna og þróa leik þeirra. Blöð og litir eru á öllum kjörnum og var það aðgengilegt börnunum, en annar efniviður varðandi listsköpun er ekki sýnilegur. Leikdeig sem útbúið er á staðnum er mikið notað í vali. Bækur eru ekki sýnilegar í umhverfi barnanna. Vísir að bókasafni er í sameiginlegu rými og er það í kössum á hjólum. Fram kom í rýnihópi stjórnenda að hugmyndin væri sú að starfsfólk gæti tekið kassa með sér inn á kjarna og í hópastarf en það hefur ekki gengið eftir. Í rýnihópum kjarnastjóra, kennara og starfsfólks kom fram að starfsfólk notar ekki mikið bækur og börnin hafi ekki frjálst aðgengi að þeim. Spil eru ekki sýnileg en starfsfólk sagði að þau væru til og notuð í hópastarfi. Leikskólinn er vel búin hljóðfærum og efniviði til tónlistar en eins og áður sagði er það ekki sýnilegt og mataðilar þurftu að leita eftir slíku. Leikskólinn er vel búin efniviði til hreyfipjálfunnar og verkefna í sal og er hann aðgengilegur í skáp fyrir framan salinn. Útileiksvæðið er nýtt til sköpunar svo sem að nýta vatn og setja sápu og málningu í polla. Einnig kom fram að starfsfólk er duglegt að nýta umhverfi leikskólans til vettvangsferða í hópastarfi. Í rýnihópum kjarnastjóra, kennara og starfsfólks kom fram að starfsfólk telur að nóg sé til af efniviði og ef það telur sig þurfa eitthvað til að vinna að ákveðnu verkefni eins og í hópastarfi þá er vel brugðist við og efniviður útvegaður.

Starfshættir

Eins og áður hefur komið fram er stuðst við Hjallastefnuna í uppeldisstarfinu og er dagskipulag samkvæmt því. Kennarar og starfsfólk tala um að dagskipulag sé mjög stýrt og fastmótað og lítil umræða fari fram um endurmat eða breytingar á því. Í rýnihópum starfsfólks kom fram að starf leikskólans ein-kennist af röð, reglu og rútínu og að kjarnastjórar beri ábyrgð á að unnið sé samkvæmt því.

Samkvæmt skólanámskrá Hjallastefnunnar eru meginreglurnar sex og fjalla þær um börn og foreldra, starfsfólk, umhverfi, efnivið, náttúru og samfélag. „Meginreglurnar eru í skýrri forgangs röð þar sem fyrstu reglurnar hafa skýran forgang og hver regla byggir á þeirri sem á undan kemur. Jafnframt er fyrsta reglan innsti kjarni starfsins og koll af kolli umlykur hver regla þá næstu á undan.“

Í skólanámskrá kemur einnig fram að kynjanámskráin er birtingarmynd á hugsjónum Hjallastefnunnar um jafnrétti stúlkna og drengja. Í hinu kynjaskipta skólastarfi er markmiðið að gera báðum kynjum ávallt jafnhátt undir höfði og mæta ólíkum þörfum stúlkna og drengja. Fram kom í rýnihópum kjarna-stjóra, kennara og starfsfólks að gert sé ráð fyrir að kynin hittist reglulega og eiga hóparnir vinahóp af gagnstæðu kyni. Á vettvangi sáu matsaðilar að hóparnir voru lítillaga að hittast en fram kom að þar sem stutt væri síðan flutningi barna milli kjarna og aðlögun nýrra barna lauk væri áherslan núna á að börnin kynnist sínum hópi. Þegar líða tekur á haustið fara vinahópar að hittast reglulega.

Loturnar eru kennslutæki til þess að þjálfra bæði kynin í öllum mennskum eiginleikum. Skólaárinu er skipt upp í sex tímabil þar sem unnið er með sérstakar lotur. Hver lota stendur í fjórar vikur í senn og eru fyrstu þrjár á haustönn og seinni þrjár á vorönn. Yfirheiti hverrar lotu er almennt hugtak, lýsandi fyrir viðkomandi svið en heitinu fylgja síðan fjögur hugtök eða orð sem útskýra hvað þarf að æfa til að ná þeim árangri sem yfirheitið lýsir. Orðin fjögur eru svonefndir lotulyklar og er eitt orð einkennandi fyrir hverja viku lotunnar. Hverri lotu lýkur með uppskeruviku. Fyrsta lotan er agi og skiptist hún í virðingu, hegðun, kurteisi og framkomu. Önnur lota er sjálfstæði og skiptist í sjálfstyrkingu, sjálfs-traust, öryggi og tjáningu. Þriðja lotan er samskipti og skiptist í umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni og samstöðu. Fjórtða lotan er jákvæðni og skiptist í ákveðni, hreinskiptni, bjartsýni og gleði. Fimmta lotan er vinátta og skiptist í félagsskap, umhyggju, nálægð og kærleik. Sjötta lotan er svo áræðni og skiptist hún í kjark, kraft, virkni og frumkvæði. Unnið er með loturnar í hópastarfi og ber hópstjóri ábyrgð á því að vinna samkvæmt þeim.

Í hópátíma er sami barnahópurinn alltaf með sama hópstjóra sem leggur verkefni fyrir hópinn. Hugmyndir að verkefnum eru í gögnum Hjallastefnunnar sem er að finna á sameiginlegu svæði í tölvu og möppum. Í lok hvers hópátíma skráir hópstjóri viðfangsefni dagsins á staðlað skráningarblað. Skráningarblaðið er sett upp á upplýsingatöflu hvers kjarna, aðgengilegt foreldrum þegar börnin eru sótt. Reglulega er farið yfir hópaskráningarblöðin og fylgst með hvort unnið hefur verið að öllum þáttum lotunnar, ef svo er ekki þá er unnið áfram með þá þætti sem fallið hafa niður. Í lok hverrar lotu er sokaðir lotufundir með öllu starfsfólki þar sem farið er yfir árangur, hvernig gekk og hvað má betur fara. Jafnframt er næsta lota rædd og hvað er framundan.

Eins og áður hefur komið fram er aðalval tvisvar á dag og er það skráð og reglulega er tekið saman hvað börnin velja. Sjá mátti að flest börn undu sér vel við þau verkefni sem þau völdu. Eldri börnin voru jafnframt meðvituð um itarefni sem í boði er til að þróa leikinn. Í rýnihópi kennara kom fram að á sumum kjörnum geta börnin í morgun- og hádegisvali skipt um viðfangsefni ef samstaða næst. Einnig kom fram í rýnihópi kjarnastjóra að valið eftir hádegismat væri misjafnt eftir kjörnum og getur hver kjarnastjóri skipulagt það út frá barnahópnum hverju sinni.

Í skólanámskrá er fjallað um að sérstök áhersla er lögð á starf fimm ára barna. Meðal annars er talað um að efla orðaforða, rím og að börnin fái tilfinningu fyrir hrynjandi orða. Unnið er að sögu- og ljóðagerð, hlustun á upplestri og tjáningu, jafnframt er lögð áhersla á stafainnlögn. Einnig kemur fram að á vorin fari fimm ára börnin í þriggja daga ferð með kennurum leikskólans. Þar sem náttúraskynjun og sveitarheimsókn skapa samveru og mikilvæga æfingu í sjálfstæði barnanna.

Mismunandi er eftir kjörnum og aldri barna hvernig leikurinn gengur, hvernig hann þróast og hvernig starfsfólki tekst að leiðbeina, hvetja, ýta undir leik og viðfangsefni barnanna í skipulögðu starfi og

valtímum. Í öllum rýnihópum kjarnastjóra, kennara og starfsfólks kom skýrt fram að það sem einkenni uppeldisstarfið í leikskólanum er að barnið sé ávallt í forgrunni samkvæmt meginreglu eitt sem og kynjanámskrá. Jafnframt kom fram að það ríki virðing, gleði og kærleikur í leikskólanum. Í öllum rýnihópum kom einnig fram að ekki er til samræmt verklag varðandi börn með krefjandi hegðun en að kynjanámskráin taki vel á þannig málum.

Í samskiptum við börnin sinnir flest starfsfólk þeim af áhuga og sýnir þeim umhyggju og þolinmæði. Á yngri kjörnum sást starfsfólk taka þátt og hvetja börnin í leik, á gólfi og við borð. Meirihluti starfsfólks á öllum kjörnum notar virka hlustun í samskiptum sínum við börnin, sýnir ábyrgð og frumkvæði, sérstaklega í hópatímum. Mismunandi er hvort og hvernig starfsfólk nýtir daglegar athafnir til náms og samskipta og tækifæri sem gefast til að kveikja áhuga barnanna.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Samkvæmt Hjallastefnunni skapast lýðræði í dagskipulagi með því að skipta börnunum í litla hópa. Tilgangurinn er að tryggja að hvert barn fái notið sín og geti haft áhrif á hópinn og hópastarfið. Lýðræðisleg þátttaka barna var ekki mikið sýnileg þann tíma sem matsaðilar voru á vettvangi. Helst mátti sjá það í valtímum þar sem börnin völdu sér valsvæði. Í vali sem er tvisvar á dag velja börnin svæði en þau geta ekki haft áhrif á verkefni á svæðinu. Verkefnin eru alltaf þau sömu. Farið er eftir ákveðnu kerfi við valið og er markmiðið að jafna rétt barna. Val barnanna er skráð og það barn sem fyrst velur er síðast til að velja næst. Í rýnihópum kjarnastjóra, kennara og starfsfólks kom fram að börnin mega ekki skipta um valsvæði á val tíma en eins og áður hefur komið fram er boðið upp á ítarefni á svæðum. Í rýnihópum stjórnenda, kjarnastjóra og kennara kom fram að á síðasta ári hafi verið umræða um Barnasáttmálann og hvar í leikskólasterfinu væri verið að vinna að markmiðum hans. Eftir þessa umræðu eru hópstjórar meðvitaðari um að leyfa börnunum í sumum tilfellum að koma með hugmyndir að hópastarfi. Stundum eru allar hugmyndir skráðar niður og unnið með þær næstu daga. Einnig kom fram að sumir hópstjórar leyfa börnunum að kjósa á milli hugmynda með handauppréttingu. Á vettvangi sást að hópstjórar eru komnir mislangt í því að tileinka sér þessi vinnubrögð. Einnig kom fram að börnin fá stundum að koma með hugmyndir um hvað eigi að vera í matinn og reynt er að verða við því. Í rýnihópi barnanna kom fram að þau fái ekki að ráða hvað er gert í leikskólanum en þau megi velja.

Reglur eru skýrar og segir starfsfólk í viðtali að þær séu samkvæmt Hjallastefnunni og það hafi lítið um þær að segja. Í rýnihópi barna kom fram að það séu reglur í skólanum og að kennararnir hafi gert þær. Á vettvangi sáu matsaðilar að sjálfstæði barnanna og sjálfákvörðun þeirra var lítil sem engin í matmálstímum. Ákveðinn hópur starfsfólks telur matartíma vera góðan vettvang til samræðna og málörvunar á meðan aðrir segja að börnin eigi að einbeita sér að því að borða og þegar allir eru búnir að borða má spjalla saman.

Námssvið

Í skólanámskrá leikskólans er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menningu. Þar er einnig fjallað um með hvaða hætti markmið aðalnámskrár leikskóla eru samþætt við leikskólastarfið og hvernig starfsfólki og börnum gefst tækifæri til að vinna með námssvið aðalnámskrár ýmist í frjálsum leik á valtímum eða með markvissum og skipulögðum hætti í hópatímum.

Samkvæmt skólanámskrá er unnið með læsi í viðum skilningi þar sem lögð er áhersla á málnotkun, málskilning og tjáningu í daglegu starfi og börnum kennt að orða vilja sinn á jákvæðan og opinn hátt. Samvera er meðal annars notuð til ýmiss konar málræktar svo sem samræðna, frásagna og söngs. Í hópastarfi eru börnin spurð og hvött til samræðna. Fréttatími er reglulega þar sem hvert barn er hvatt til að segja frá einhverju sem það hefur upplifað. Í starfi fimm ára barnanna er lögð áhersla á að vinna með bókstafi og stafa hljóð. Í skólanámskrá er talað um að vandað sé val á lögum og sögum og reynt að velja lög um dýr, náttúruna, árstíðirnar, lög sem eru lýsandi fyrir gamla tímann á Íslandi og lög þar sem vinátta og falleg samskipti eru í hávegum höfð, í stað laga um staðalmyndir af hlutverkum kynjanna. Á vettvangi sáu matsaðilar að sungið er með börnunum í samveru og í rýniviðtali við

leikskólastjóra kom fram að í vetur vilji hann leggja áherslu á fræðslu fyrir starfsfólk um tónlistanám barna. Í starfsáætlun segir að þróuð hafi verið læsis- og stærðfræðiáætlun leikskólans Akurs út frá kynjanámskrá Hjallastefnunnar og orðaforðalista Menntamálastofnunar ásamt því að flétta inn Lubba hljóðin, orðatiltæki, þulur og sönglög sem tengjast hverri lotu fyrir sig. Í læsisáætlun leikskólans er ekki fjallað um hvernig unnið er með bækur og bókalestur. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Ritmál, tölustafir og tákn eru að litlu leyti sýnilegt og samræmist það stefnu leikskólans. Á kjörnum er sjónrænt dagskipulag, sumstaðar hátt uppi á vegg og ekki sýnilegt börnum. Valsvæði eru merkt með myndum og orðum og er það eins á öllum kjörnum, skúffur barnanna eru merktar með nafni en misjafnt er hvort leikföng eru merkt. Í fataklefa eru hólfi barnanna merkt með myndum og nafni barns og nöfnum foreldra. Verkefnið Lubbi finnur málbein er ekki sýnilegt í umhverfinu. Á tveim kjörnum eru veggspjöld með Lubba stafrófinu hátt uppi á vegg og á einum kjarna voru fjórir bókstafir sýnilegir.

Áhersla er lögð á heilbrigði og vellíðan í öllu leikskólastarfinu. Börnin eru studd í félagslegum tengslum, sjálfstæði, hreyfingu og útivist. Góð aðstaða er innanhúss til hreyfinga bæði á kjörnum og í sérstökum sal. Á vettvangi sást að salurinn er mikið notaður, starfsfólk er hugmyndaríkt í verkefnavali, meðal annars eru jógaundir fyrir börnin. Tryggt er að öll börn fari út daglega, auk þess eru hópatímar notaðir til vettvangsferða og náttúruskoðunar. Í rýnihópum kjarnastjóra, kennara og starfsfólks kom fram að það er duglegt að nýta nánasta umhverfi til þekkingarleitar. Árið 2009 byrjaði leikskólinn í samstarfsverkefni með leikskólanum Holti og Akurskóla um útinámsvæði í Narfakotsseylu. Hugsunin á bak við svæðið var að börnin kæmust í nánara samband við náttúruna, samfélagið og umhverfið. Í rýnihópum kjarnastjóra, kennara og starfsfólks kom fram að ekki er lengur unnið markvisst að þessu verkefni en hópstjórar nota svæðið í vettvangsferðum.

Allur matur er eldaður í leikskólanum og er lögð áhersla á gæði hans og hollustu. Í hádegi og nónhressingu matast börnin á sínum kjarna í báðum leikstofum en eins og áður hefur komið fram matast einn hópur elstu barna í sameiginlegu rými kjarnanna. Stúlkurnar öðrum megin og drengirnir hinum megin. Hvert barn á fast sæti við borð og starfsfólk situr til borðs með börnunum. Aðstaða er fyrir öll börn að hvíla sig að loknum hádegisverði og fer það eftir aldri barnanna hve lengi það er.

Unnið er með sjálfbærni og vísindi í gegnum náttúruna og fá börnin tækifæri til að rannsaka hana og kanna. Útileiksvæði leikskólans er uppspretta tækifæra til sköpunar. Gróðurkassar til ræktunar matjurta eru í garðinum og markmiðið er að börnin sjái um gróðursetningu og umhirðu þeirra. Á vettvangi sáu matsaðilar að ekki hefur verið gróðursett í þá í ár. Búið er að girða af hluta útileiksvæðis og gróðursetja þar tré. Elstu börnin fá það hlutverk að gróðursetja þarna í lok skólaársins og er hugmyndin að þarna verði trjálundur í framtíðinni, notaður til útináms. Leikskólinn hefur eignast útiöldstæði sem áætlað er að verði staðsett þar.

Efniviður til vísinda er til en er ekki sýnilegur nema að hluta til. Á einu valsvaliðanna er unnið með vatn og er fjölbreyttur efniviður notaður í vatnsleikina. Leikdeig er búið til með börnunum í leirkrók. Stækkuargler eru meðal annars inni á kjörnum og eins og áður segir er eitt herbergi kallað vísindastofa. Í vísindastofu eru numicon kubbar og annar efniviður tengdur stærðfræði.

Sköpun er í vali og í hópastarfi. Í skólanámskrá segir að „þegar börnin leika með opinn efnivið ræður sköpunargáfan ferðinni og þau sitja öll við sama borð, það róar þau því þau finna að það hallar ekkert á þau og sköpunin er svo róandi. Með þessum hætti geta öll börnin verið virk á sínu svæði á valti. Jafnframt segir að með nægjuseminni í leikfeininu og nýtni kennum við börnunum að gera gott úr málunum og þau læra að hugsa út fyrir rammann því okkar opni efniviður leyfir sköpunargleði þeirra að njóta sín.“ Á vettvangi sást að börnin hafa tækifæri til að nota eigið hugmyndaflug og sköpun í leik. Í hópastarfinu er meðal annars unnið með listsköpun en efniviður til listsköpunar er ekki sýnilegur eða aðgengilegur börnunum. Aðaláhersla er á þekju- og tréliti, skæri og lím. Lítið er um að verkefni barna séu sýnileg í umhverfinu og er það í samræmi við hugmyndafræði Hjallastefnunnar.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað, gott og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti á milli aðila. Í vettvangsathugun sáu matsaðilar sjálfstæð, glöð og starfsöm börn. Samskipti starfsfólks við þau voru uppbyggileg og starfsfólkið sýndi þolinmæði. Lögð er áhersla á að beygja sig niður til barnanna og ná augnsambandi þegar talað er við þau. Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst gaman í leikskólanum og að þau séu glöð. Þau segja að ef einhver sé að stríða, meiða eða gera eitthvað sem er bannað þá fái viðkomandi kennarahendi. Í rýnihópum starfsfólks kom fram að það telur að börnunum líði vel hjá þeim og þau séu glöð að koma. Í rýnihópi foreldra kom fram að kærleikur og virðing einkenni starfið í leikskólanum. Þeir upplifa mikla ró við að koma inn í skólann og að börnin viti alltaf til hvers er ætlast af þeim. Viðhorf starfsfólks til barnanna einkennist af ást og kærleika og tekið er á móti börnunum með jákvæðni og gleði. Þeir segja að starfsfólk leggi sig fram um að sinna hverju barni fyrir sig og að börnin tali jákvætt um leikskólann heima. Börnunum líður vel í leikskólanum og þau eru stolt af skólanum sínum. Einnig kom fram að foreldrum líður vel með að hafa börnin í þessum skóla og telja sig heppna að hafa Hjallaskóla sem hverfisleikskóla.

Mat á námi og velferð barna

Unnið er með skipulögðum hætti að mati á námi og velferð barna. Tras skráningarlistinn er fylltur út tvisvar á ári. Hann er notaður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna. Skimunarprófið *Hljóm-2* sem kannar hljóð- og málvitund barna, er lagt fyrir öll fimm ára börn að hausti. Í framhaldinu er unnið sérstaklega með þau börn sem eru með slaka færni. Ef grunur er um málþroskafrávik hjá barni er notast við Efi-2 sem er skimun á málskilningi og máltjáningu barna á fjórða ári. Verið er að innleiða notkun á MIO sem er skimunarefni í stæðfræði fyrir leikskóla. Gerd Strand listinn er notaður þegar það á við og verið er að skoða hvort nota eigi hann fyrir öll börn. Gerd Strand listinn metur gróf- og fínhyfingar, hegðun, mál- og tal, virkni, samskipti og þekkingu. Einnig er notast við íslenska málhljóðamælirinn. Valið er skráð daglega og er tekið saman eftir mánuðinn hvað barnið hefur valið, hvaða svæði er vinsælast hjá barninu og hvaða svæði það forðast. Hópstjórar hafa skráningarblað þar sem skráð er hvað gert er í hópatíma. Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og hópstjórar fylla út gátlista fyrir samtölin.

Uppeldislegar skráningar fara fram sem skráningar á val- og hópatímum. Í rýnihópum kjarnastjóra, kennara og starfsfólks kom fram að í lok mánaðar sé skráningarblöðum komið til kjarnastjóra sem bera ábyrgð á að vinna úr þeim. Jafnframt kom fram að starfsfólk væri ekki visst um hvað gert væri við skráningarnar og talað var um misbrest á því að unnið væri úr gögnunum. Í rýnihópi stjórnenda og kjarnastjóra kom fram að þessar skráningar séu ekki notaðar í innra mat

Styrkleikar

- Hugmyndafræði Hjallastefnunnar er sýnileg í umhverfinu og öllu daglegu starfi leikskólans.
- Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námskrá aðalnámskrár.
- Leitað er leiða til að nýta allt húsnæði sem best.
- Starfsfólk er ánægt með fast skipulag starfsins og einfaldan efnivið.
- Lögð er áhersla á heilbrigði og vellíðan barna með hollri næringu og hreyfingu úti og inni.
- Starfsfólk leggur sig fram um að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun á námi og framförum barna.

Tækifæri til umbóta

- Meta hvort börnin fái nægilega samfeldan tíma til frjálsra leikja með hliðsjón af breytingum á aðalnámskrá leikskóla nr. 897/2023.
- Skoða sjálfshjálp og þátttöku barna í matmálstímum.
- Gera vinnu með málþroskaverkefnið *Lubbi finnur málbein* sýnilegt.
- Auka aðgengi barna að bókum og vinna markvisst með þær.
- Gera ritmál sýnilegra í umhverfi barnanna.
- Leggja aukna áherslu á skapandi starf og gera efnivið aðgengilegri börnum.
- Gera verkefni barnanna sýnilegri.
- Gera búnað til vísinda aðgengilegan börnum.
- Gera dagskipulag sýnilegt börnum með því að setja það í þeirra hæð.
- Auka tækifæri barna til að koma að ákvörðunartöku og vali á viðfangsefnum skipulagðra stunda.
- Gefa börnum tækifæri til að meta nám sitt og setja sér markmið og skoða möguleika á að foreldrar komi meira að mati á námi barna sinna.
- Birta í skólanámskrá vinnulag við mat á námi og framförum barna.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er samofið starfi foreldrafélags og er einn fulltrúi í stjórn foreldrafélagsins sem gegnir þessu hlutverki. Leikskólastjóri óskaði í haust eftir framboði foreldra í foreldraráðið með tölvupósti. Þar sem ekkert foreldri bauð sig fram var haft samband við ákveðna foreldra og þeir beðnir um að taka þetta að sér. Á heimasíðu leikskólans eru upplýsingar um foreldraráð og þar kemur fram að tveir fulltrúar hafi verið kosnir í haust. Óljós mörk eru á milli foreldraráðs og foreldrafélags en eins og áður hefur komið fram eru það sömu foreldrar sem eru í báðum hlutverkum. Foreldraráðið hefur ekki sett sér vinnureglur eða starfsáætlun. Fundir foreldraráðs eru ekki haldnir en samskiptin fara fram í tölvupósti og á fundum foreldrafélagsins. Leikskólastjóri situr ekki alltaf þessa fundi og fundargerðir eru ekki skráðar. Foreldraráð kemur ekki að gerð starfsáætlunar eða skólanámskrár en helsta verkefni er að lesa yfir starfsáætlun og gefa henni umsögn. Foreldrar í rýnihópi könnuðust ekki við foreldraráð og vissu ekki hverjir væru í því. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og eru upplýsingar um það á heimasíðu. Greitt er sérstakt gjald fyrir þátttöku og valkvætt er fyrir foreldra hvort þeir taki þátt eða ekki. Fundir eru haldnir eftir þörfum og ef þurfa þykir situr leikskólastjóri þá. Sex foreldrar eru í stjórn félagsins og fer kosning fram á aðalfundi að hausti. Fundargerðir eru ekki ritaðar. Foreldrafélagið er virkur samstarfsaðili leikskólans og stendur fyrir ýmsum viðburðum í samráði við leikskólastjóra og starfsfólk. Það stendur meðal annars fyrir jólamyndatöku af börnunum, jólaleikriti, heimsókn hesta, útskriftargjöf til elstu barnanna og einnig greiðir það fyrir rútu í útskriftarferð elstu barna. Síðastliðið vor var gerð tilraun með að hafa sumarhátíð fyrir börn og fjölskyldur þeirra á laugardegi. Var það gert á frídegi til að gefa öllum foreldrum kost á að taka þátt í hátíðinni. Í rýnihópi foreldra, starfsfólks og stjórnenda kom fram að þetta hefði tekist vel og áhugi er á að halda þessu áfram. Einnig var sú nýbreytni fyrir síðustu jóla að í stað jólaballs var foreldrum boðið upp á fría klippingu fyrir börnin. Samið var við foreldra sem eru hárskerar um að gefa vinnu sína einn laugardag í desember. Þennan dag var leikskólinn opinn, fjölskyldur gátu komið og fengið klippingu og var mikil ánægja með þetta. Í rýnihópum foreldra og stjórnenda kom fram að góð þátttaka er í hinum ýmsu viðburðum sem leikskólinn býður upp á.

Við upphaf leikskólagöngu hjá barni eru foreldrar boðaðir í viðtal til leikskólastjóra þar sem undirritaður er dvalarsamningur, foreldrum kynnt stefna leikskólans og húsnæðið. Foreldrar fá afhentan bæklinginn „Velkomin í leikskólann“ en þar eru hagnýtar upplýsingar um leikskólann. Aðlögun nýrra barna tekur um viku samkvæmt áætlun. Á haustin er foreldrafundur fyrir alla foreldra þar sem farið er yfir hugmyndafræði leikskólans og vetrarstarfið. Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári, á laugardögum og er leikskólinn opinn fyrir leikskólabörnin og systkini þeirra á meðan. Leikskólinn er með skráningarkerfið Karellen þar sem starfsfólk getur skráð upplýsingar eins og viðveru barna, svefn- og matartíma, sett inn myndir af starfinu og skilaboð til foreldra. Í rýnihópi foreldra kom fram að foreldrar yngri barna eru mjög ánægðir með þær upplýsingar sem þeir fá daglega í gegnum Karellen. Jafnframt kom fram að kerfið virkar vel til að senda foreldrum ljósmyndir af starfinu og var almenn ánægja með það. Foreldrar nefndu líka að suma daga væru einhverjir hnökrar við það að komast inn í Karellen. Upplýsingatafla er við hvern kjarna þar sem skráðar eru upplýsingar sem kennarar vilja koma á framfæri við foreldra. Á upplýsingatöflu er skráningarblað þar sem starfsfólk skráir daglega hvað gert hefur verið í hópastarfi þann dag. Lögð er áhersla á dagleg samskipti milli foreldra og starfsfólks. Kjarnastjórar senda tölvupóst vikulega með fréttum af kjarnanum og hvað er framundan í leikskólastarfinu, einnig sögðust þeir hringja í foreldra ef þeir þurfa að koma einhverju sérstöku til skila. Í rýnihópi foreldra kom fram að foreldrum finnst mikilvægast það samtal sem fer fram þegar komið er með börnin og þau sótt. Á heimasíðu leikskólans er hægt að velja um nokkur tungumál en í rýnihópi sögðust foreldrar ekki nota heimasíðu leikskólans mikið, enda er hún ekki uppfærð reglulega. Jafnframt töldu foreldrar að þeir fengju nægar upplýsingar. Öðru hvoru sendir leikskólastjóri foreldrum tölvupóst með ýmsum upplýsingum um leikskólastarfið. Í upphafi leikskólaárs óskar leikskólastjóri eftir foreldrum í samstarf við leikskólann að sinna ýmsum verkefnum sem til falla. Má þar nefna smíði á hænsnkofa, viðhald á leiktækjum og lóð leikskólans. Þessi vinna fer fram um helgar og er það kallað foreldradagar og börnin

taka þátt í þessu með foreldrum sínum. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að alltaf væri ákveðinn hópur foreldra sem tæki þátt í þessu og hefði gaman af. Í foreldrakönnun sem Hjallastefnan gerði í mars segjast innan við 50% foreldra hafa þekkt aðferðafræði leikskólans áður en þeir byrjuðu með barnið en yfir 80% segjast þekkja hana núna. Innan við 30% foreldra telja þörf fyrir frekari upplýsingar um aðferðafræði Hjallastefnunnar og yfir 40% svara hvorki né og er það undir landsmeðaltali.

Viðhorf foreldra

Viðhorf foreldra til leikskólans er mjög gott. Foreldrar voru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann, starfsfólk og stjórnendur. Þeir segja að þeim mæti kærleikur og hlýja þegar þeir koma í leikskólann. Þeir telja sig örugga um að börnunum líði vel og að þau fái góða menntun. Foreldrar töluðu meðal annars um að það væri alltaf starfsmaður í fataklefa til að taka á móti barninu og að það veiti bæði barni og foreldri öryggi. Jafnframt kom fram að ef barn ætti erfitt með að koma og væri grátandi þá sendi starfsfólk skilaboð seinna um morguninn og upplýsi foreldra um hvernig gangi. Foreldrum þykir þetta góð vinnuregla og veiti þeim öryggi. Foreldrar tala um að það sé alltaf ró í kringum börnin þegar þau koma sem og í lok dags þegar þau eru sótt. Þeim þykir aðbúnaðurinn í leikskólanum góður og að börnin fái að takast á við viðfangsefni sem þau hafa áhuga á og hæfi þeim. Almenn ánægja er með matinn í leikskólanum og jafnframt skólabúningana. Foreldrar sögðust eiga góð samskipti við starfsfólk, vel sé tekið í óskir þeirra og starfsfólk sé lausnamiðað varðandi sérþarfir barna. Í rýnihópi foreldra komu fram óskir um að fá betri upplýsingar varðandi breytingar hjá starfsfólki, þegar einhver hættir, nýtt starfsfólk byrjar og þegar starfsfólk flyst milli kjarna. Einnig fyndist sumum foreldrum gott ef starfsfólk hefði nafnspjöld. Í áðurnefndri foreldrakönnun Hjallastefnunnar frá því í mars eru um 98% foreldra frekar og mjög sammála um að tekið sé vel á móti barninu með gleði og kærleika. Jafnframt telur sami fjöldi foreldra að barninu líði vel og fái hvatningu athygli og góða umönnun dag hvern. Að þörfum barnsins sé mætt í öllum aðstæðum og starfsfólk sé áhugasamt og ástríðufullt um framgang barnsins. Heldur færri foreldrar telja að þeir fái ekki nægar upplýsingar um líðan og verkefni barnsins í leikskólanum. Nær allir foreldrar segjast mæla með leikskólanum við vini og fjölskyldur. Í öllum spurningum foreldrakönnunarinnar er leikskólinn yfir landsmeðaltali Hjallaskólanna.

Samstarf við grunnskóla

Á heimasíðu leikskólans er fjallað um verkefnið *Brúum bilið* sem er verkefni til að auka samvinnu milli skólastiga. Kjarnastjórar á elstu kjörnum fara á nokkra fundi yfir veturinn með deildarstjórum í leikskólanum Holti og fyrstu bekkjar kennurum Akurskóla ásamt deildarstjóra yngri barna Akurskóla til að skipuleggja veturinn. Leikskólabörnin fara í nokkrar heimsóknir í grunnskólann yfir veturinn þar sem þau fá tækifæri til að skoða skólann, íþróttahúsið og sundlaug, taka þátt í íþróttatíma, nestistíma og hringekju. Á degi íslenskrar tungu fara leikskólabörnin í Akurskóla að hlusta á sögu og fyrir jólin fara þau að hlusta á jólasögu í bókasafni Akurskóla ásamt því að fá piparkökur og mjólk. Fyrsti bekkur kemur líka í heimsókn í leikskólann í ávaxtastund og tekur þátt í leik. Einnig hefur verið sameiginleg skemmtun í Akurskóla í lok vetrar. Kjarnastjórar sögðu í rýnihópi að fyrstu bekkjar kennarar Akurskóla boði hópstjóra elstu barna leikskólans á fund að hausti til að setja niður dagskrá vetrarins. Í fundargerð má sjá að búið er að dagsetja dagskrá fram að áramótum. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að til væri Workplace síða fyrir alla kennara fimm ára barna þar sem samstarfið er rætt, einnig hittast þeir reglulega til að ræða saman. Í rýnihópi kjarnastjóra kom fram að á vorin er haldinn upplýsingafundur með hópstjóra elstu barna og fyrstu bekkjar kennurum Akurskóla þar sem skilað er skriflegum upplýsingum um börnin. Foreldrar eru upplýstir um hvaða upplýsingar fara og gefa samþykki fyrir því. Sérkennslustjóri sér um að skila upplýsingum og gögnum um börn sem notið hafa sérkennslu.

Annað samstarf

Samstarf hefur verið við bókasafn Stapaskóla. Vikulega í hópastarfi er farið með börnin í sögustund þar sem starfsfólk bókasafnsins les sögu fyrir þau. Börnin hafa ekki fengið bækur að láni í bókasafninu til að fara með í leikskólann. Í rýnihópi kjarnastjóra og í viðtali við leikskólastjóra kemur fram að hafið er samstarf við leikskólann Völl en einnig hefur verið lítilsháttar samstarf við leikskólann Holt. Börnin

hafa tekið þátt í listahátíð barna sem haldin er í Reykjanesbæ og í vettvangsferðum hreinsa börnin rusl sem á vegi þeirra verður. Í ársáætlun segir að óformlegt samstarf sé við Víkingaheima um að koma með börn í heimsókn.

Styrkleikar

- Foreldrafélag er starfandi og er virkur samstarfsaðili leikskólans, styður við leikskólastarfið og skipuleggur viðburði.
- Í upphafi leikskólagöngu fá foreldrar kynningu á starfi leikskólans og upplýsingabækling um leikskólann og er hann einnig á heimasíðu.
- Mikið er lagt upp úr góðu samstarfi við foreldra og leitast er eftir að koma til móts við óskir foreldra.
- Foreldrum gefst tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna.
- Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári.
- Starfsfólk leggur sig fram um að koma upplýsingum til foreldra með reglubundnum og fjölbreyttum hætti.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er mjög gott og segjast þeir öruggir með börnin í leikskólanum og telja að þeim líði vel.

Tækifæri til umbóta

- Áfram skal leita leiða til að virkja foreldra til þátttöku í foreldraráði og kjósa með lýðræðislegum hætti.
- Samkvæmt lögum um leikskóla skal foreldraráð setja sér starfsreglur, kynna foreldraráð og birta upplýsingar á heimasíðu leikskólans. Foreldraráð skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir foreldrum.
- Fundir foreldraráðs skulu boðaðir með dagskrá og fundargerðir gerðar aðgengilegar svo sem á heimasíðu leikskólans.
- Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði og hann situr fundi þess.
- Koma til móts við foreldra varðandi upplýsingar þegar breytingar verða á starfsmannahaldi.
- Í skólanámskrá og á heimasíðu eiga að vera upplýsingar um hvaða gögn fylgi börnum á milli skólastiga

Skóli án aðgreiningar

Skólalþjónusta og sérkennsla

Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann. Hann ber ábyrgð á og hefur umsjón með sérkennslu og skipuleggur vinnuna með sérkennslubörnin ásamt kjarnastjóra. Upplýsir starfsfólk og veitir því fræðslu, ráðgjöf og fylgir eftir vinnu með börnum með skilgreindan stuðning. Ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni ræða sérkennslustjóri, kjarnastjóri og hópstjóri saman um málið. Einnig er leitað álits annars starfsfólks á kjarnanum. Í framhaldi af þessu er haft samband við foreldra. Reynt er að greina barnið með ýmskonar skimunarlistum. Um leið hefst sértæk vinna með barnið. Í kaflanum um sérkennslu í skólanámskrá er meðal annars fjallað um að Hjallastefnan leiti allra leiða í skipulagi sínu og starfsháttum til að hafa fjölbreytt verkefni og valkosti og mæta hverju barni þar sem það er statt.

Leikskólinn er með þjónustusamning við Sálfræðistofu Suðurnesja og kemur sálfræðingur frá þeim einu sinni í mánuði á samráðsfund með ráðgjafa teymi leikskólans. Ráðgjafateymið samanstendur af sérkennslustjóra, leikskólustjóra og kennara eftir því sem við á auk sálfræðingsins. Að sögn leikskólustjóra er þarna farið yfir skráningar vegna íhlutunar í barnastarfi og áætlanir gerðar til að styðja við börn, kennara og foreldra. Einungis eru tekin fyrir málefni barna þar sem upplýst samþykki foreldra hefur verið gefið og geta foreldrar afturkallað samþykki sitt hverju sinni. Fyrir fundina liggur dagskrá frammi og fundargerðir eru ritaðar og ber sérkennslustjóri ábyrgð á því. Einnig er leikskólinn með verktakasamning við talmeinafræðing. Tengiliðir farsældar í leikskólanum eru sérkennslustjóri, leikskólustjóri og þroskajálfi og geta foreldrar leitað til þeirra til að fá upplýsingar um þá þjónustu sem þeim stendur til boða innan og utan leikskólans. Fram kom að teymið hittist mánaðarlega til að ræða farsæld samanber farsældarlögin. Jafnframt kom fram hjá sérkennslustjóra að gott sé að þrír séu í þessu teymi til að ræða einstaka mál og meta hvort þörf sé á samþættingu á þjónustu hjá viðkomandi barni og fjölskyldu. Ef þurfa þykir þá er málinu komið til sveitarfélagsins sem tilnefnið málstjóra sem starfar við félagsþjónustu sveitarfélagsins eða á þeim sviðum þar sem þarfir barnsins liggja. Í rýnivíðtali við sérkennslustjóra kom fram að áhugi er á því að vera í meira samstarfi við heilsugæsluna.

Sérkennslustjóri gerir einstaklingsnámskrá fyrir þau börn sem hafa skilgreindan stuðning með aðkomu foreldra og er hún endurskoðuð reglulega. Teymi er skipað um barnið og er einstaklingsbundið hversu oft það hittist. Í teyminu sitja sérkennslustjóri, stuðningsaðili, sálfræðingur og foreldri. Ef við á er líka málstjóri farsældar og fulltrúi frá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins.

Áhersla er lögð á að vinna sem mest með barnið í barnahópnum en einstaklingslega ef þarf. Einnig er reynt að láta barnið fylgja sínum hópi í hópátíma meðal annars til að efla félagsfærni þess. Í víðtali við sérkennslustjóra kom fram að samstarf hans og kjarnastjóra er mjög gott og reyna þeir að hittast mánaðarlega til að fara yfir málin. Starfsfólk í sérkennslu og stuðningi vinnur inni á sínum kjarna undir daglegri stjórn kjarnastjóra en sérkennslustjóri sér um allt sem snýr að þjálfun viðkomandi barns. Sérkennslustjóri handleiðir starfsfólk og fylgist með störfum þess. Hann reynir að funda mánaðarlega með starfsfólki sérkennslu og stuðnings og einnig kemur hann á kjarnafundi ef þurfa þykir meðal annars til að upplýsa allt starfsfólk viðkomandi kjarna.

Í rýnihópi starfsfólks sem sinnir sérkennslu og stuðningi kom fram að sérkennslustjóri skipuleggur vinnuna með börnunum og leiðbeinir þeim. Jafnframt sagði starfsfólk að það fái mikinn stuðning frá honum. Hann er duglegur að upplýsa þau, veita þeim fræðslu og ráðgjöf. Starfsfólk segir að það fái hvatningu til að sækja fræðslu og námskeið sem viðkemur sérkennslu og stuðningi. Allt starfsfólk kjarnans er upplýst um sérþarfir viðkomandi barns og ef ástæða er til, er allt starfsfólk leikskólans upplýst. Í rýnihópum starfsfólks í sérkennslu og stuðningi kom fram ánægja með störf sérkennslustjóra og þann stuðning sem hann veitir þeim. Jafnframt kom fram hjá sérkennslustjóra og starfsfólki sérkennslu og stuðnings að góð aðstaða er í leikskólanum hvað húsnæði og búnað varðar. Nóg er til af efniviði og ef starfsfólk vantar eitthvað er það keypt.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Sérstök áætlun um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku er til og er á heimasíðu leikskólans. Í henni kemur fram að meginregla eitt hjá Hjallastefnunni er að mæta hverju barni þar sem það er statt hverju sinni. Í móttökuáætlun kemur fram að mikilvægt er að mæta þörfum hvers barns og fjölskyldu strax í upphafi leikskólagöngu og virða bakgrunn og menningu þess. Notast er við túlka í foreldrasamtölum og í fyrsta viðtali er gert ráð fyrir góðum tíma til að tryggja að allar upplýsingar komist til skila svo ekki verði misskilningur. Einnig kemur fram að fjölskyldan fær sérstakan tengilið innan leikskólans sem tryggir að allar upplýsingar komist til skila svo sem viðburðir og annað sem er fjölskyldunum framandi. Í bæklingnum „Velkomin í leikskólann“ er að finna hagnýtar upplýsingar um leikskólann á ensku. Á heimasíðu er flípi með fjölda tungumála sem hægt er að velja til að auðvelda fjölskyldum með annað tungumál að afla sér upplýsinga. Á heimasíðu Reykjanesbæjar er birt stefna bæjarins um fjölmenningu. Leikskólinn vann þróunarverkefni um fjölmenningu á árinu 2016–2017 og á heimasíðu er skýrsla um verkefnið. Þar kemur meðal annars fram að foreldrum er boðið upp á myndræna samskiptabók milli leikskólans og heimilis, bók þar sem starfsfólk skráir bæði með myndum og orðum hvað gert var í leikskólanum þann daginn. Í starfsáætlun kemur fram að tveir starfsmenn leikskólans séu verkefnastjórar fjölmenningarverkefna og á þessu skólaári er áætlað að á fimm vikna fresti verði móðurmálsmorgnarnar á laugardögum þar sem fjölskyldum býðst að koma og iðka móðurmál sitt með börnunum í þematengdum verkefnum til að auðga móðurmál barna. Fyrir ári var byrjað með arabíska foreldramorgna sem gáfu góða raun og nú er ákveðið að útvíkka verkefnið til allra fjölskyldna óháð móðurmáli. Einnig er foreldrum af erlendum uppruna boðið að koma og kynna fyrir börnum og kennurum þætti úr menningu heimalandsins, hvort sem er í formi matargerðar, tónlistar eða starfsátta. Mikil áhersla er lögð á málrækt í öllu leikskólastarfinu og ef þurfa þykir er unnið með börn með annað móðurmál en íslensku í sérstökum málörvunarhópum og jafnframt er gætt að því í hópastarfi að hafa hópana fámenna.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri starfar við leikskólann, ber ábyrgð á sérkennslu, sér um frumgreiningu, leiðbeinir og fræðir starfsfólk.
- Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun.
- Myndað er teymi um börn með sérþarfir og einstaklingsnámskrár gerðar í samráði við foreldra, sérfræðinga og stuðningsaðila viðkomandi barns.
- Unnið er eftir ákveðnu ferli ef upp vaknar grunur um þroskafrávik barns.
- Lögð er áhersla á að stuðningur fari fram í barnahópnum.
- Starfsfólk fær tækifæri til að auka þekkingu sína á þroskafrávikum barna.
- Til er móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.
- Vel er unnið með erlenda foreldra og fjölmenningu í leikskólanum.
- Öll börn eiga sýnilega hlutdeild í leikskólastarfinu.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að gera skipulag sérkennslu skriflegt og einnig þá verkferla sem unnið er eftir ef vaknar grunur um þroskafrávik hjá barni.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í skólanámskrá segir að leikskólinn standi fyrir umfangsmiklu innra mati. Þar er talað um reglubundið innra mat Hjallastefnunnar og spurningakönnun fyrir foreldra og starfsfólk. Einnig er talað um skráningu á vali, hópastarfi og gátlista fyrir foreldraviðtöl.

Að sögn leikskólastjóra mynda kjarnastjórar og stjórnendur matsteymi leikskólans og jafnframt að leikskólastjóri beri ábyrgð á framkvæmd og forgangsriðun matsins. Kjarnastjórar, kennarar og annað starfsfólk sem rætt var við í rýnivíðtölum kannaðist hins vegar ekki við að til væri matsteymi. Samkvæmt leikskólastjóra fer fram reglubundið innra mat Hjallastefnunnar þar sem matsaðili rýnir í starf og starfshætti eftir stöðluðum lista og mælikvörðum þar sem starf og skólabragur er metinn með hliðsjón af hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Í niðurstöðum matsins eru settir fram þeir þættir sem þarf að bæta, ábyrgðarmaður fyrir þeim og hvaða ár úrbæturnar eiga að vera komnar. Í leikskólanum eru eyðublöð til að skrá og meta hópastarf og val á kjörnum. Auk þessa gerir Hjallastefnan árlega foreldra- og starfsmannakannanir.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Eins og áður hefur komið fram er reglulega gert mat á framförum barna með viðurkenndum listum. Hópstjórar halda skráningu um hópastarfið, hvað er gert, hvernig gekk og virkni barna. Mánaðarlega á lotufundum eru þessar skráningar skoðaðar til að fylgjast með hvort jafnvægi sé á milli allra þátta varðandi grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá, kynjanámskrá Hjallastefnunnar og menntastefnu Reykjanesbæjar. Jafnframt kom fram hjá starfsfólki, kennurum og kjarnastjórum að samhliða þessari vinnu er starfsfólk að ígrunda störf sín og samskipti við börnin. Val barna er skráð og tekið saman mánaðarlega. Í gögnum frá leikskólastjóra kom fram að tvisvar á ári er gert gæðamat á valfundum og valkrókum og eru til þess notaðir staðlaðir listar.

Í rýnihópi kennara og starfsfólks kom fram að skráningunum er skilað til kjarnastjóra í lok mánaðar en óljóst var hjá starfsfólki hvað er gert við þær. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hann heldur utan um skráningar á hópastarfi og tölulegar upplýsingar um val barnanna. Í rýnihópi kjarnastjóra kom fram að á kjarnafundum fari fram samræðumat þar sem rædd eru málefni kjarnans og endurmat á ýmsu sem snýr að starfinu á kjarnanum en niðurstöður eru ekki skráðar.

Í gögnum frá leikskólastjóra kemur fram að innra mat Hjallastefnunnar var framkvæmt í mars síðastliðnum. Fagstjóri innra mats Hjallastefnunnar fer yfir niðurstöður matsins með leikskólastjóra sem vinnur síðan áfram með niðurstöðurnar inni í starfsmannahópnum. Að sögn leikskólastjóra hefur ekki gefist tími í leikskólanum til að vinna úr þessum gögnum. Í rýnihópum gat starfsfólk nefnt dæmi um úrbætur sem gerðar hafa verið eftir foreldrakannanir og innra mat Hjallastefnunnar. Börnin koma ekki að innra mati leikskólans

Opinber birting og umbætur

Í skólanámskrá Akurs segir að á grundvelli niðurstaðna úr innra mati hvers skólaárs vinni leikskólinn umbótaáætlun ásamt ítarlegri útlistun á innra mati leikskólans og umbótaáætlun sem má finna í skýrslu hans um innra mat. Skýrslu um innra mat var hins vegar ekki að finna hvorki á heimasíðu leikskólans né í öðrum gögnum frá leikskólastjóra. Niðurstöður úr foreldra- og starfsmannakönnunum eru kynntar fyrir starfsfólki en ekki birtar með öðrum hætti. Umbótaáætlun leikskólans var ekki sýnileg en matsaðilar fengu að sjá niðurstöður úr Hjallastefnumati. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir kannast ekki við að hafa fengið kynningu á niðurstöðum foreldrakannana eða öðru innra mati.

Styrkleikar

- Val barna er skráð og markvisst er fylgst með hópastarfi.
- Reglulega kemur matsaðili frá Hjallastefnunni og metur framkvæmd stefnunnar.
- Viðhorfskannanir meðal starfsfólks og foreldra eru gerðar reglulega og nýttar í innra mat.

Tækifæri til umbóta

- Fjalla í skólanámskrá um markmið leikskólans og hvernig þau eru metin og skilgreina viðmið um árangur sem stefnt er að.
- Allir hagsmunahópar komi að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats t.d. með stofnun matsteymis, sem í sitja stjórnendur, starfsfólk og foreldrar, eða með aðkomu foreldraráðs.
- Gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera nákvæma matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvert markmiðið eigi að vera og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla.
- Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrast í mati á leikskólastarfinu.
- Skrá niðurstöður samræðumats.
- Birta greinargerð um innra mat á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til úrbóta.
- Gera umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða eigi að grípa og hvenær, hvernig endurmatið eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda því í framkvæmd.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef september 2023

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Ársáætlun Akurs 2022–2023.

Foreldrakönnun Hjallastefnunnar 2023.

Heimasíða leikskólans Akurs: <https://akur.hjalli.is/>

Heimasíða Reykjanesbæjar: <https://www.reykjanesbaer.is/is>

Leikskóladagatal 2023–2024:

<https://akur.hjalli.is/akur/%C3%A1%C3%A6tlanir/sk%C3%B3ladagatal%202023-2024%20akur.pdf>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

Skólanámskrá Akurs:

<https://akur.hjalli.is/akur/%C3%A1%C3%A6tlanir/akur%20sk%C3%B3lan%C3%A1mskr%C3%A1%20-%20n%C3%A1mskr%C3%A1%202020.docx.pdf>

Starfsáætlun Akurs 2023-2024:

<https://akur.hjalli.is/akur/%C3%A1%C3%A6tlanir/2023-2024/starfs%C3%A1%C3%A6tlun%20akurs%2023-24.pdf>

Skólapúlsinn starfsmannakönnun 2023

Viðtöl:

Símtal við framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar.

Viðtal við aðstoðarleikskólastýru.

Viðtal við leikskólastýru.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp kennara með leyfisbréf.

Viðtal við rýnihóp kjarnastjóra.

Viðtal við rýnihóp starfsfólks.

Viðtal við rýnihóp starfsfólks í sérkennslu og stuðningi.

Viðtal við sérkennslustjóra.

Umsögn í tölvupósti frá leikskólafulltrúa Reykjanesbæjar.

